

# Fundargerð 54. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2019, miðvikudaginn 2. október kl. 11:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar á Hilton Nordica Reykjavík hóteli.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Baldur Smári Einarsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Fannar Jónasson og Karl Pétursson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Liv Aase Skarstad boðaði forföll og Karl Óttar Péturson mætti í hennar stað.

Eftirtaldir gestir sátu fyrsta dagskrárlið fundar: Elías Pétursson, Íris Róbertsdóttir, Matthildur Ásmundardóttir

og Þór Steinarsson.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Áhrif loðnubrests á sveitarfélög - 1907003SU

Lagt fram minnisblað frá RR ráðgjöf, dags. 10. júlí 2019, um áhrif loðnubrests á afkomu sveitarfélaga. Fulltrúum frá þeim sveitarfélögum sem urðu fyrir mestum áhrifum af loðnubresti, þ.e. Fjarðabyggð, Langanesbyggð, Sveitarfélaginu Hornafirði, Vestmannaeyjabæ og Vopnafjarðarhreppi er boðið að sitja þennan dagskrárlið fundarins.

Í kjölfar umfjöllunar um minnisblaðið komu ýmsar ábendingar fram meðal gesta fundarins. Hegðun loðnu hefur breyst mjög mikið og leggja þarf miklu meiri áherslu á að efla rannsóknir á orsökum þess. Einnig kom fram að tryggja þarf stöðugri tekjustofn en nú er, og voru umsvifatengdir skattar nefndir í því tilliti. Hagræðing í sjávarútvegi bitnar mest á íbúum og sjávarútvegssveitarfélögum þar sem útsvarið er langstærsti tekjustofn þeirra. Byggðakvóti einnig nefndur í þessu samhengi og þörfin á endurskipulagi þess fyrirkomulags.

Þá kom fram þörfin á að breyta umræðu um loðnubrest þannig að skilningur fái að afleiðingar loðnubrests hefur ólík áhrif á ólíka haghafa.

Ákveðið að leggja fram bókun um málið á næsta stjórnarfund.

### 2. Línuviltun - 1908001SU

Lögð fram skýrsla unnin af RR ráðgjöf um mat á áhrifum línuviltunar.

Formaður greindi frá því að skýrslan hefur verið send á starfshóp um endurskoðun aflaheimilda á forræði ríkisins (5,3%).

Samþykkt að vísa umræðu um skýrsluna til Sjávarútvegsfundar sem haldinn er 2. október kl. 13:00.

### 3. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - sjávarútvegsfundur 2019 - 1907002SU

Fjallað verður um undirbúning vegna Sjávarútvegsfundar sem haldinn verður 2. október 2019 frá 13:00-15:45.

*Formaður fór yfir dagskrá Sjávarútvegsfundar.*

### 4. Reglugerð um skeldýrarækt - 1910001SU

Drög að reglugerð um skeldýrarækt er til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda. Umsögn er í vinnslu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og er frestur til að skila inn umsögn 11. október 2019.

*Formaður greindi frá því að sambandið er með umsögn í vinnslu. Stjórn er sammála um að koma á fastmótuðu vinnulagi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga við gerð umsagna er varða sjávarútvegssveitarfélög þannig að þær umsagnir séu unnar í samráði við stjórn samtakanna.*

### 5. Umsögn um drög að reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags - 1809002SU

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 1. október 2019, um gerð strandsvæðaskipulags.

*Formaður greindi frá því að sambandið er með umsögn í vinnslu. Stjórn er sammála um að koma á fastmótuðu vinnulagi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga við gerð umsagna er varða sjávarútvegssveitarfélög þannig að þær umsagnir séu unnar í samráði við stjórn samtakanna.*

Fundi var slitið kl. 12:00

---

Gauti Jóhannesson

---

Baldur Smári Einarsson

---

Rebekka Hilmarsdóttir

---

Fannar Jónasson

---

Karl Pétursson